

Hverfisráð Hlíða

Ár 2015, fimmtudaginn 10. mars var haldinn 128. fundur Hverfisráðs Hlíða. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð miðborgar og hlíða og hófst kl. 17:00. Viðstödd voru Margrét Norðdahl, formaður, sem stýrði fundi, Örn Þórðarson og Svala Arnardóttir. Hrefna Guðmundsdóttir boðaði forföll og sat Heiðrún Ólafsdóttir fundinn í hennar stað. Áheyrnarfulltrúi frá Framsókn og Flugvallarvinum Jóhanna Halldórsdóttir boðaði forföll. Fulltrúi Ungmennaráðs miðborgar og hlíða Embla Ýr Indriðadótti sat fundinn. Þá sat fundinn Sigprúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastýra Þjónustumiðstöðvar miðborgar og hlíða og Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, verkefnastjóri sem ritaði fundargerð.

Gestur undir lið 2. Haraldur Sigurðsson, USK

Gestur undir lið 3. Helga Bragadóttir, Kanon arkitektar og Halldóra Hrólfsdóttir frá USK

Gestur undir lið 4. Þórólfur Jónsson, USK

Gestur undir lið 5. Hörður Guðbjörnsson. Þjónustumiðstöð Vesturbæjar.

Þetta gerðist

1. Svala Arnardóttir boðin velkomin en hún sat sinn fyrsta fund í Hverfisráði Hlíða en hún er nýr fulltrúi Samfylkingar og kemur inn í stað Hilmars Sigurðssonar. Hverfisráðið þakkar Hilmari Sigurðssyni kærlega fyrir allt sitt öfluga, góða og óeigingjarna starf fyrir Hlíðahverfi í fjölda ára og óskar honum velfarnaðar í öllum sínum störfum.
2. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Verklýsing vegna breytingar á aðalskipulagi, kynning.
3. Kynning á Hverfisskipulagi í Hlíðum og samráði við íbúa.
4. „Dinner in the sky“ á Klambratúni. Kynning. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir við Umhverfis og skipulagssvið að Hverfisráð Hlíða fái að fylgjast með framgangi málsins.
5. Nágrannavarsla í Hlíðum. Kynning
6. Nýjustu upplýsingar frá SFS varðandi húsnæði félagsmiðstöðvarinnar í Hlíðaskóla kynntar. Hverfisráð felur framkvæmdastjóra að óska eftir álitni Ungmennaráðs Miðborgar og Hlíða og Nemendaráðs Hlíðaskóla á fyrirhugaðri lausn.
7. Erindi vegna lengingar umferðaljósa á Snorrabraut. Svar frá USK lagt fram. Fyrirhuguð er lenging á gönguljósum. Framkvæmdastjóra falið að kanna hvort að það á við um gönguljós beggja vegna gatnamóta Snorrabrautar og Flókagötu.
8. Staðan á fyrirspurn v. hljóðvarna við Suðurhlíð, erindi frá íbúa USK. Svör hafa ekki borist vegna málsins. Framkvæmdastjóra falið að ítreka fyrirspurn.
9. Farið yfir fund sem formenn Hverfisráða Hlíða og Miðborgar áttu með íþróttafélaginu Val.

Fundi slitið kl. 19:00

Margrét M. Norðdahl

Heiðrún Ólafsdóttir
Örn Þórðarson

Svala Arnardóttir